

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
27. október 2003

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 15. nóvember sl., er óskað umsagnar um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 88. mál, sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.

Í ofangreindu frumvarpi eru lagðar til fjórar meginbreytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að viðmiðunarfjárhæðir laganna, þ.e. fjárhæðir vegna tekjuskatts, eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta, hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 eða um 2.5%. Í öðru lagi er lögð til breyting á útreikningi vaxtabóta með það að markmiði að draga úr hvata til frekari skuldsetningar heimilanna. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld brott, en viðskiptaráðherra mun hlutast til um að fella þau lög úr gildi. Í fjórða lagi er lagt til að sérstakur tekjuskattur verði framlengdur um tvö ár, jafnframt því sem hann verði lækkaður í áföngum uns hann fellur niður í árslok 2005. Auk þess eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar minni háttar breytingar er varða framkvæmd laganna.

Til svars erindinu skal tekið fram að Ríkisendurskoðun hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreint lagafrumvarp.


